

## II. fundur

Annar fundur Etadeildar starfsárið 2007-2008 var haldinn 31. október kl. 18:00 á Gló í Listhúsi. Fundurinn var undirbúinn af hópi um forystu í faglegri umræðu.

Mættar voru: Guðrún Hrefna, Ásta, Bergþóra, Bryndís Guðmundsd., Bryndís Sigurjónsd., Elísabet, Eyrún, Gerður, Guðbjörg, Guðrún Geirsd., Hafdís, Inga Margrét, Ingibjörg, Kirsten, Kristín Ólafsd., Magnea, Ósa, Rannveig, Vilborg og Auður

1. Guðrún Hrefna setti fund og kveikti á kertum og síðan var snædd súpa með brauði.
2. Bergþóra flutti orð til umhugsunar og lagði út frá spurningunni: Hvað er verðugt líf? Það er erfitt að koma sér undan öllu áreitinu í umhverfinu; ímyndasmiðir eru á hverju strái og segja okkur hvernig draumaheimurinn eigi að vera.
3. Tvær Etakonur voru heiðraðar með rós og ávarpi formanns: Guðbjörg Vilhjálmsdóttir fyrir alþjóðaviðurkenningu vegna uppbyggingar á námi í námsráðgjöf við Háskóla Íslands og Margrét Friðriksdóttir fyrir jafnréttisstefnu í skóla sínum, MK. Margrét var ekki viðstödd en fékk senda rós.
4. Guðrún Hrefna gerði grein fyrir endanlegri skiptingu í fjórar starfsnefndir með ákveðin viðfangsefni og umsjón með fundum út starfsárið.  
Hún skýrði frá því að Kristín Steinarsdóttir hefði tekið að sér umsjón með vefsíðu deildarinnar og bað um ábendingar varðandi efni.  
Hún minnti á að starfstími núverandi stjórnar rynni út í vor og það þyrfti að huga að því sem fyrst að skipa uppstillingarnefnd.  
Eitt af markmiðum samtakanna á þessu ári er fjölgun félagskvenna um 4-6 í hverri deild.  
Guðrún Hrefna bað um tilnefningar með rökstuðningi fyrir 9. nóvember og er stefnt að því að væntanlegum félögum verði boðið á fundi 4. des. og 7. feb. og inntaka verði á aðalfundi 22. apríl.  
Þá greindi hún frá úrsögn einnar félagskonu, Oddnýjar Björgvinsdóttur, og las upp bréf og árnaðaróskir frá henni.  
Að þessu loknu var borið fram kaffi og gómsætar kökur.
5. Nú var komið að umræðuefni fundarins sem var **Fagmennska í starfi**. Auður Torfadóttir flutti inngang. Hún velti fyrir sér í hverju fagmennska fælist og setti í því samhengi fram þrjár spurningar: Hvað vil ég að nemendur/skjólstæðingar mínir geti gert? Hvernig hjálpa ég þeim til þess? Á hverju byggji ég aðferðir mínar? Hún fjallaði um þá þætti sem hafa áhrif á mótun fagmennsku kennarans, svo sem ýmsa persónubundna þætti, fyrirfram ákveðnar skoðanir, eigin reynslu í starfi, þátttöku í endurmenntun, framhaldsmenntun, lestur fagrita og að kynnast reynslu annarra. Til þess að fagmennskan styrkist og þróist í takt við tímann, þarf stöðugt að ígrunda, vega og meta markmið og leiðir og spyrja gagnrýninna spurninga. Margir fræðimenn álíta að ígrundun sé lykill að fagmennsku. Auður fjallaði síðan nokkuð um kennaramenntun sem hún taldi að þyrfti að breytast. Hún nefndi til þrjár stoðir sem hún taldi að fagþekking kennarans þyrfti að byggjast á en þær eru: Þekking/kunnátta í grein, miðlunin (kennslufræði greinar/tengsl

við vettvang o.s.frv.) og þekking á skóla og samfélagi (uppeldisfræði í víðasta skilningi). Þessar stoðir geta haft mismunandi vægi eftir því hvaða skólastig er um að ræða, en mikilvægt er að þær fléttist saman.

Að erindi Auðar loknu, stýrði Rannveig Lund umræðum um erindið. Hverri og einni var boðið að leggja eitthvað til málanna. Í umræðunni var farið víða og allar höfðu eitthvað til málanna að leggja. Eftirfarandi þættir og atriði voru nefnd:

### **Starfskenningar - ígrundun**

- Mikilvægt að ígrunda starfið
- Mikilvægt að vinna með starfskenningar
- Mikilvægt að orða starfskenningar
- Til að ígrunda er nauðsynlegt að eiga viðræður við einhvern
- Oft skapast góður grundvöllur fyrir umræður og ígrundun í tengslum við námskeið
- Mikilvægt er að hrist sé upp í fólki á mismunandi vegu – mjög vandasamur þáttur í starfi stjórnenda
- Samfélagið í skólunum skiptir sköpum til að frjótt starf fari fram

### **Styrkleikar, veikleikar nemenda, kennara**

- Mikilvægt að byggja á styrkleikum og stunda ígrundun til að læra
- Styrkleikar nemendanna eru mikilvægir – spurt hvernig hægt sé að vinna með þá
- Oft þarf að vinna með veikleika nemenda, ekki síður en styrkleika, sérstaklega í sérkennslu
- Er bara ígrundað þegar kennarar standa frammi fyrir erfiðum tilfellum?
- Þróun verður ekki í starfi allra kennara– sumir fara t.d. aldrei á námskeið
- Mikilvægt að passa upp á að allir fái við hæfi – orðið matmóðir kemur upp í hugann
- Kennarar þyrftu að eiga kost á handleiðslu þar sem þeir þurfa oft að glíma við erfiðar tilfinningar

### **Fagþekking - stoðir**

1. Kunnátta í greinum og í gerð kennslugagna er ákaflega mikilvæg, ásamt ígrundun
2. (vísað í og spurt um stoðirnar sem A.T. nefndi í erindi sínu)
3. Slæmt þegar fagkunnátta kennara í greinum er lítil
4. Fagkunnátta og sjálfsmynd fer saman
5. Mikil stöðnun víða
6. Margir kennarar hafa fjarlægst fræðin mjög mikið
7. Persónulegir þættir hafa mikil áhrif
8. Stoðirnar þurfa ekki að vera jafnar; þær geta verið breytilegar
9. Ætti ekki sjálfsþekking að vera ein af stoðunum?

### **Starfendarannsóknir**

1. Þróunarverkefni sem byggja á starfendarannsóknum (action research) virðast vera mjög gefandi, sérstaklega ígrundunarþátturinn

2. Stundum taka nemendur að einhverju leyti þátt í slíkum verkefnum með kennurum
3. Í nýjasta hefti Skólavörðunnar er sagt frá starfendarannsókn í Menntaskólanum við Sund

**Önnur atriði sem nefnd voru í umræðunni:**

- Mikilvægt að passa upp á sjálfan sig
- Mikilvægt að hafa hómor í kennslu
- Spurning hvort hægt verður að komast hjá því að taka upp launatengt mat í kennslu
- Ef góð stika finnst, þá er í lagi að nota hana
- Efasemdir um launatengt mat
- Áhyggjuefni að ungt fólk leiti frekar í annað nám en kennaranám
- Finnar fóru í mikla vinnu á miðjum 9. áratugnum. Sett voru markmið sem þeir vildu ná. Árangur af þeirri vinnu var góður. Eitthvað slíkt gæti ef til vill breytt mati og ásókn í kennarastarfið hér.

Fleira gerðist ekki

Auður Torfadóttir og Gerður Guðmundsdóttir skráðu